

6. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, föstudaginn 31. júlí 1964, kl. 15:30

Komnir voru til fundar Lúðvíg Hjálmtýsson formaður, Albert Guðmundsson varaformaður, Lárus Ottesen, Geir H. Zoëga, Sigurjón Ragnarsson, Ágúst Hafberg, Haukur Einarsson og Ingvi M. Árnason.

Fundarritari var Ingvi M. Árnason.

Formaður skýrði frá því að boðað hefði verið til þessa aukafundar ráðsins til þess að fjalla um lánsúmsókn Þorgeirs Péturssonar vegna veitingaskálans við Hvítárbrú. Rakti hann í fáum orðum gang þess máls og las upp úmsógn trúnaðarmanns Búnaðarbankans um verðmæti byggingarinnar eins og nú er komið og skuldir er á henni hvíla. Kom í ljós að skuldir eru nokkru meiri en eigandi hafði áður gefið upp. Tekið var fram í þessu sambandi að reikningar hefðu ekki verið endurskoðaðir.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál. Kom fram það álit að erfitt væri um vik fyrir ráðið að gera tillögu um afgreiðslu þessarar lánbeiðnar meðan reglur Ferðamálasjóðs hefðu ekki verið samþykktar. Töldu menn ekki rétt að láta einn lánbeiðanda sæta sérstakri meðferð umfram aðra og vísuðu til fyrri afgreiðslu ráðsins á þessu máli.

Formaður kvað það tilmæli ráðherra að ráðið tæki ákveðna afstöðu til lánsúmsóknar Þorgeirs Péturssonar og hafði formaður samið tillögu um málið. Var tillagan á þá leið að ráðið samþykkti fyrir sitt leyti að mæla með úmsókninni. Umræður urðu ekki um tillöguna sjálfa og var hún borin undir atkvæði.

Fóru atkvæði svo að tillagan var felld með 4 atkvæðum gegn atkvæði formanns, en 2 sátu hjá.

Þeir sem greiddu atkvæði gegn tillögunni gerðu grein fyrir atkvæðum sínum á eftirfarandi hátt.

Geir taldi meðferð málsins ekki sem skyldi og benti einnig á skuldir umsækjanda og ófullnægjandi veð.

Lárus taldi að úmsókn Þorgeirs ætti að fá samskonar afgreiðslu og aðrar úmsóknir sem ráðið fjallaði um.

Sigurjón kvaðst hljóta að greiða atkvæði gegn tillögunni á grundvelli þeirra gagna er fram hefðu komið um málið.

Ingvi greiddi atkvæði gegn tillögunni á þeim grundvelli að málsmeðferð væri óheppileg og bæri að fjalla um úmsókn þessa á sama hátt og aðrar úmsóknir og í samhengi við þær.

Á það var bent í þessu sambandi að synjun ráðsins nú mundi ekki nauðsynlega þýða synjun á nýrri úmsókn frá Þorgeiri Péturssyni vegna skálans.

Þeir sem sátu hjá gerðu eftirfarandi grein fyrir afstöðu sinni:

Stefán kvaðst ekki vilja taka endanlega afstöðu til úmsóknarinnar fyrr en fullkannað væri hvort umsækjandi gæti sett fullnægjandi tryggingu fyrir láninu.

Ágúst kvað starfsemi skálans allra góðra gjalda verða en vegna ósamræmis í gögnum þeim sem fram hefðu komið gæti hann ekki tekið afstöðu til málsins.

Á fundinum var skýrt frá því að frumdrög að reglum Ferðamálasjóðs hefðu verið samin og hefði ráðuneytið lofað að ræða þau, en af því hefði ekki getað orðið enn sakir sumarleyfa hjá ráðuneytinu.

Frekari umræður urðu ekki að sinni og var fundið slitið.